

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 945 (28.5.2020) - Starfs- og fjárhagsáætlun 2021 og 3ja ára áætlun 2022-2024

Málsnúmer : 202005082

Málsaðili : Fjármála- og stjórnsýslusvið

Niðurstaða (stutt) :

Fundardagur : 28.05.2020

Inngangur : Samkvæmt fjárhagsáætlunarferli hefst vinna við fjárhagsáætlun næsta árs og þriggja ára áætlun í maí. Katrín Dóra Þorsteinsdóttir fór yfir og kynnti:

a) Tillögu að tímaramma vegna starfs-og fjárhagsáætlunar 2021 og fjárhagsáætlun 2022-2024 kynnt Samkvæmt tímaramma hefst vinnan í lok maí og lýkur með síðari umræðu í sveitarstjórn 17.nóvember 2020.

b) Tillögu að auglýsingu vegna vinnu við fjárhagsáætlun 2021 þar sem auglýst er eftir erindum, umsóknum, tillögum og ábendingum íbúa, félagasamtaka og fyrirtækja í Dalvíkurbyggð um mál sem varða gerð fjárhagsáætlunar lögð fram. Skv. tillögunni er gert ráð fyrir að skrifleg erindi berist í síðasta lagi mánudaginn 7. september 2020.

Farið yfir ofangreint og áherslur í rekstri sveitarfélagsins til næstu ára.

Niðurstaða : Byggðaráð samþykkir samhljóða framlagða tillögu að tímaramma vegna starfs-og fjárhagsáætlunar 2021 og fjárhagsáætlun 2022-2024.

Byggðaráð samþykkir samhljóða tillögu að auglýsingu vegna vinnu við fjárhagsáætlun 2021 og fjárhagsáætlun 2022-2024 og felur sveitarstjóra að birta auglýsinguna á heimasíðu og samfélagsmiðlum sveitarfélagsins. Einnig að senda auglýsinguna á félagasamtök, íbúasamtök og hverfasamtök í sveitarfélaginu.